



D Ó M U R

10. nóvember 2011

Mál nr. E-139/2011:

Stefnandi: Johannes-Mikael Maeki

(Helga María Pálsdóttir hdl)

Stefndi: Einar Einarsson

(Jón Egilsson hrl)

Dómari: Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari.

Árið 2011, fimmtudaginn 10. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, af Ragnheiði Thorlacius, héraðsdómara, kveðinn upp í málinu nr. E-139/2011:

Johannes Mikael Maeki

(Helga María Pálsdóttir hdl.)

gegn

Einari Einarssyni

(Jón Egilsson hdl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem dómtekið var þann 17. október sl., er höfðað af Johannes Mikael Maeki, kt. 000000-0000, til heimilis í Finnlandi, með stefnu birtri þann 8. mars 2011 gegn Einari Einarssyni, kt. 000000-0000, til heimilis að Völlum, Mýrdalshreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði skuld að fjárhæð 748.858 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001, af 257.579 krónum frá 1. júlí 2010 til 5. júlí 2010, þá af 124.970 krónum frá þeim degi til 13. júlí 2010, þá af 818.771 krónu frá þeim degi til 18. ágúst 2010 og loks af 748.858 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, eða samkvæmt málskostnaðarreikningi, auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að vera alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá komi

gagnkröfur til skuldajafnaðar eftir því sem á reynir. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar. Þá krefst stefndi þess að tillit verði tekið til þess, við ákvörðun málskostnaðar, að samskonar mál sé rekið fyrir dóminum á hendur stefnda vegna kærustu stefnanda, Denisa Furcakova.

Í greinargerð krafðist stefndi þess að málinu yrði vísað frá dómi. Með úrskurði þann 1. júlí sl. var þeirri kröfu hafnað.

Málavextir.

Ágreiningur er milli aðila um atvik málsins. Mál þetta á rætur að rekja til þess að stefnandi, sem býr í Finnlandi, var ásamt kærustu sinni, Denisa Furcakova, ráðinn til starfa á bænum Völlum í Mýrdalshreppi vorið 2010. Kveður stefnandi þau hafa verið ráðin tímabundið frá 1. júní til loka ágústmánaðar 2010. Hafi Sigurbjörg Gyða Tracey, eiginkona stefnda, komist í samband við stefnanda og kærustu hans í gegnum Vinnumálastofnun og hafi samskipti þeirra farið fram í gegnum tölvupósta í mars og apríl 2010. Þannig hafi Sigurbjörg sent þeim tölvupóst þann 11. mars 2010 þar sem hún kveðst vera að leita að starfsfólki til að starfa á gistiheimilinu að Völlum. Hafi stefnandi svarað Sigurbjörgu með tölvupósti þann 16. mars 2010 þar sem hann hafi tjáð henni að hann og kærasta hans hefðu ákveðið að taka atvinnutilboði Sigurbjargar. Hafi Sigurbjörg staðfest ráðningu þeirra með tölvupósti þann 18. mars 2010, þar sem m.a. hafi komið fram að þau væru ráðin frá 1. júní til september. Þann 19. apríl hafi stefnandi sent Sigurbjörgu tölvupóst þar sem hann hafi upplýst hana um að þau Denisa ættu bókað flug til Íslands þann 31. maí. Í þeim tölvupósti hafi stefnandi innt Sigurbjörgu svara um hvernig staðið skyldi að gerð ráðningarsamninga, hvort þau Denisa skyldu fylla út staðlaða ráðningarsamninga Vinnumálastofnunar eða hvort gengið yrði frá samningum þegar þau kæmu til landsins. Hafi Sigurbjörg svarað tölvupóstinum samdægurs þannig að gengið yrði frá samningum síðar. Kveður stefnandi engan skriflegan ráðningarsamning hafa verið gerðan.

Verkefni sín hjá stefnda kveður stefnandi hafa lotið bæði að því að sinna gestum á staðnum, þrifum og eldhúsvörkum, svo og útistörfum, garðvinnu og viðhaldi húsakynna. Hafi vinnudagur stefnanda verið skipulagður þannig að stefnandi vann annað hvort frá kl. 7.30 til kl. 15.00, eða frá kl. 9.00 til 13.00 og þá aftur frá kl. 18.30 til 21.00. Hafi verið látið sem um vaktavinnu væri að ræða, en stefnandi telur vaktir af þessu tagi ekki vera í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Kveður stefnandi að þegar hann og Denisa hafi fengið greidd laun og afhentan launaseðil fyrir júnímánuð hafi vaknað hjá þeim spurningar um það hvort rétt væri staðið að greiðslu launa, en heildarlaun hvors um sig hafi aðeins numið 150.000,- krónum. Í framhaldinu hafi þau leitað upplýsinga hjá Starfsgreinasambandi Íslands. Einnig hafi þau óskað frekari skýringa og leiðréttingar launa sinna fyrir júnímánuð hjá stefnda, auk þess sem Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, hafi rætt við Sigurbjörgu símleiðis um hvernig koma mætti máluunum í lag. Þann 13. júlí 2010 hafi stefnanda og kærustu hans verið tjáð að starfskrafta þeirra væri ekki lengur óskað að Völlum og þeim gert að yfirgefa staðinn samdægurs. Hafi þetta haft tilheyrandi kostnað og fyrirhöfn í för með sér fyrir stefnanda og kærustu hans.

Þá kveður stefnandi áður nefndan Skúla hafa sent Sigurbjörgu tölvupóst þann 19. júlí 2010 þar sem hann hafi áréttað að starfskjör stefnanda væru ólögmat auk þess sem viðbrögð hennar við ábendingum og viðræðum um leiðréttingu væru ekki í samræmi við gildandi kjarasamninga, lög og góða viðskiptahætti. Hafi Skúli gefið Sigurbjörgu og stefnda frest til 10. ágúst 2010 til að gera upp laun stefnanda í samræmi við ákvæði kjarasamnings, út umsaminn ráðningartíma, þ.e. til 31. ágúst, að öðrum kosti yrði málinu vísað til innheimtu hjá lögmönnum Verkalýðsfélags Suðurlands.

Þá kveður stefnandi stefnda hafa verið sent innheimtubríf þann 25. ágúst 2010, en kröfu þeirri hafi lögmaður stefnda mótmælt símleiðis. Tilraunir lögmanna til að sætta málið hafi ekki borið árangur og sé stefnanda því nauðugur sá kostur að höfða mál þetta.

Kröfu sína byggir stefnandi á tímaskráningu sinni yfir vinnu sína allt þar til honum hafi verið vikið úr starfi án fyrirvara þann 13. júlí 2010 og útreikningum stéttarfélags, sbr. dskj. nr.10, sem byggja á kjarasamningi. Sé um laun og uppsafnað orlof að ræða. Krafan sundurliðist svo:

Heildarlaun fyrir júní	kr. 257.579,-
Heildarlaun fyrir júlí	kr. 305.966,-
Heildarlaun fyrir ágúst	kr. 282.438,-
Uppsafnað orlof	kr. 86.037,-
Desemberuppbot (0,27)	kr. 12.480,-
Orlofsuppbot (0,27)	kr. 6.880,-
Samtals	kr. 951.380,-

Þann 5. júlí 2010 kveður stefnandi stefnda hafa greitt 132.609 krónur inn á kröfuna og þann 18. ágúst sama ár 69.913 krónur. Samtals hafi því verið greiddar 202.522 krónur inn á kröfu stefnanda en við útreikninga dráttarvaxta hafi verið tekið mið af innborgunum þessum. Að virtum þessum innborgunum nemi krafa stefnanda 748.858 krónum sem sé dómkrafa málsins auk vaxta og kostnaðar.

Stefndi mótmælir málavaxtalýsingu stefnanda. Lýsir stefndi málavöxtum sem svo að hann hafi, ásamt eiginkonu sinni, Sigurbjörgu, keypt Velli í kringum 1983. Hafi þau rekið þar kúabú til síðustu aldamóta en eftir það beint sjónum sínum að kindum, hrossarækt og hestaleigu. Þá hafi stefndi unnið ýmis störf utan heimilisins til að afla búinu frekari tekna, en búskapinn kveður stefndi alltaf hafa verið erfiðan fjárhagslega. Árið 2002 hafi stefndi og kona hans bætt ferðapjónustu við búreksturinn og í byrjun árs 2010 hafi rekstur þeirra hjóna samanstáði af um 90 kindum og 30 hrossum og ferðapjónustu með níu herbergjum í gistihúsum og tveimur sumarhúsum, samtals um 30 rúmum. Þá hafi tvær dætur þeirra hjóna verið þeim innan handar við búreksturinn, þær séu fluttar að heiman en komi á álagstímum yfir sumarið og aðstoði foreldra sína. Í byrjun árs 2010 hafi, að mati þeirra hjóna, sem og forsvarsmanna í ferðamannaiðnaði, stefnt í metár í

ferðaþjónustu og hafi stefndi og kona hans ákveðið að mæta því álagi með því að ráða til sín starfsmann af erlendu bergi brotinn, sem vildi kynnast landi og þjóð, og væri reiðubúinn að setta sig við lágmarkslaun, en bú þeirra hjóna standi ekki undir háum launagreiðslum. Hafi Sigurbjörg ein staðið að ráðningarmálum og hafi hún greitt þau laun sem greidd voru. Hafi Sigurbjörg haft samband við Vinnumálastofnun og var það fyrir milligöngu þeirrar stofnunar sem kærasta stefnanda sótti, þann 12. mars 2010, um starf á búinu. Hafi hún sagst búa í Finnlandi, en vera frá Slóvakíu, hún væri fædd árið 1982 og vildi koma til Íslands. Hafi Sigurbjörg sýnt umsókn hennar áhuga og kærastan þá farið fram á að stefnandi fengi einnig vinnu á býlinu. Hafi stefnandi sent lýsingu á sér þar sem hann lofaði sig sem duglegan mann, með reynslu sem góður verkamaður. Hafi parið verið ráðið til vinnu og við það miðað að þau störfuðu frá júní til ágúst sumarið 2010, ef aðilum semdi. Um miðjan apríl árið 2010 hafi hafist eldgos undir Eyjafjallajökli, sem staðið hafi yfir til 21. maí sama ár, og hafi ösku lagt yfir allt Suðurland. Þá hafi öskufok staðið fram eftir öllum sumri, m.a. yfir Velli. Hafi bílaleigur, ferðaskrifstofur og aðrir reynt að stýra ferðamönnum frá öskusvæðum. Vegna þessa hafi miklar afpantanir orðið og ekkert orðið úr þeirri vertíð er stefndi og kona hans höfðu vænst þegar stefnandi og kærasta hans voru ráðin til starfa. Þrátt fyrir þetta hafi stefnandi og kærasta hans komið til landsins í byrjun júní en mjög lítið hafi þá verið að gera í ferðaþjónustunni á Völlum.

Kveður stefndi stefnanda hafa fengið til afnota fyrir sig og kærustu sína annað sumarhúsanna, sem í séu tvö herbergi, eldhús og bað. Um sé að ræða fimm manna hús sem leigt sé út á 30.000 krónur fyrir nóttina eða 900.000 krónur á mánuði fyrir ferðamenn. Þá hafi parið fengið til afnota þvottavél auk þess sem þau hafi fengið fæði til frádráttar frá launum eða til sérstakrar greiðslu. Þá hafi Sigurbjörg, eiginkona stefnda, farið með parið á helstu ferðamannastaði í nágrenninu, á eigin bíl og kostnað, hafi hún m.a. farið með þau að sjá helstu staði við Selfoss, Hellu, Hvolsvöll, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur. Hafi þessar ferðir verið farnar á virkum vinnudögum, enda lítið að gera.

Kveður stefndi að fundið hafi verið að því að stefnandi og kærasta hans voru mikið í símasambandi við Finnland, en kærasta stefnanda hafi verið í þrefi við útlendingastofu sem hafi viljað reka kærustuna úr landi. Hafi þessi samskipti öll farið fram á opnunartíma opinberra stofnana og verið hvimleið á að horfa og telur stefndi þau ekki mega reiknast sem vinnutíma. Þá hafi fljótlega komið í ljós að stefnandi stóð ekki undir væntingum en það hafi kærasta hans aftur á móti gert. Stefnandi hafi ekki staðið undir eigin lofi, hann hafi ekkert unnið, en elt kærustu sína á röndum og horft á hana meðan hún vann. Hafi fljótlega verið fundið að þessu við stefnanda, en hann tekið því illa. Þar sem lítið hafi verið að gera hafi þetta þó ekki komið að sök og verkum engu að síður oft lokið um hádegi. Stefnandi kveður stefnanda hafa verið að hreykja sér af því að þau, stefnandi og kærasta hans, væru bæði lögfræðimenntuð og kynnu að ná fram þeim fjárhæðum sem þau vildu. Þá hafi stefnandi, þann 11. júlí 2011 [sic], sagst vera hættur og þegar Sigurbjörg hafi leitað að stefnanda og kærustu hans morguninn eftir hafi þau verið farin. Þá kveður stefndi parið hafa verið í sambandi við Skúla Thoroddsen hjá Starfsgreinasambandinu og hafi þau ranglega borið honum um vinnuskilyrði sín, þ.e. mikla vinnu sem unnin væri á vöktum. Kveður stefndi Skúla hafa gleypst við þessu án þess að kanna réttmæti staðhæfinga stefnanda og kærustu hans og hafi Skúli hagað sér ósæmilega gagnvart eiginkonu stefnda auk þess sem hann hafi kveðið svarta atvinnustarfsemi viðhafða á Völlum. Nefndur Skúli hafi þó ekki haft

neitt samband við stefnda sjálfan.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Kröfu sína byggir stefnandi á ráðningarsamningi aðila og rétti stefnanda til endurgjalds fyrir vinnu sína í þágu stefnda. Þá byggir stefnandi kröfu sína einnig á meginreglu samningaréttar um skyldu til efnda gerðra samninga. Stefnandi sé ófaglærður og fari því um kjör hans samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi. Samningar einstakra launamanna um lakari kjör en þar greini séu að engu hafandi.

Byggir stefnandi á því að ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnda þrátt fyrir skyldu stefnda í því efni, sbr. grein 1.14. [*sic*] áðurnefnds kjarasamnings, en með því ákvæði hafi verið innleidd tilskipun nr. 91/533/EBE frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrikomulagi. Beri því að mati stefnanda að virða allan vafa um inntak ráðningarsamningsins stefnanda í hag.

Þá byggir stefnandi á því að um tímabundinn ráðningarsamning milli aðila hafi verið að ræða þar sem samningnum hafi í upphafi verið markaður ákveðinn tími, þ.e. frá 1. júní 2010 til september sama árs. Samkvæmt meginreglu vinnuréttarins sé ekki hægt að segja upp tímabundnum ráðningarsamningum innan þess tíma sem honum er markaður í upphafi, nema sérstaklega hafi verið samið um uppsagnarfrest. Stefnanda hafi verið sagt upp án fyrirvara og án þess að hafa brotið gegn starfskyldum sínum. Ástæður brottvikningar telur stefnandi að verði eingöngu raktar til viðbragða stefnda við því að stefnandi hafi krafist lögbundinna réttinda sinna og sé því ekki unnt að líta á uppsögnina sem lögmæta. Byggir stefnandi enn fremur á því að stefnda hefði borið að áminna stefnanda með sannanlegum hætti, hefði um brot í starfi verið að ræða. Það að hafa samband við stéttarfélag til að leita eftir upplýsingum um réttar efndir kjarasamnings geti aldrei verið brottvikningarsök. Því beri stefnda að greiða laun út umsaminn ráðningartíma.

Stefnandi kveðst hafa haldið tímaskrá yfir vinnu sína allt þar til honum hafi verið vikið úr starfi án fyrirvara þann 13. júlí, og byggi útreikningar Verkalýðsfélags Suðurlands, sem aðstoðað hafi stefnanda við gerð kröfu sinnar, á áðurnefndum kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi. Við útreikninga hafi verið miðað við kauptaxta kjarasamningsins frá júní 2010, flokk 5, miðað við eins árs starfsreynslu, þar sem stefnandi sé eldri en 22 ára. Sé gerð krafa um dagvinnulaun fyrir vinnu unna á dagvinnutíma og yfirvinnu fyrir vinnu unna utan þess tíma, þar sem ekki verði séð að um reglulegar vaktir hafi verið að ræða. Ekki er gerð krafa um laun fyrir þann tíma sem stefnandi vann ekki yfir miðjan daginn. Kröfu sína um orlof byggir stefnandi á 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof, en samkvæmt því skuli orlof að lágmarki nema 10,17% af launafjárhæð.

Sé á því byggt að laun stefnanda fyrir dagvinnu í júní hafi verið 89.655 krónur miðað við 93 unna tíma, fyrir yfirvinnu 151.965 krónur miðað við 88,25 yfirvinnutíma, auk 15.960 króna fyrir 7 tíma á stórhátíðarkaupi. Ofan á

heildarkröfuna, 257.579 krónur komi síðan orlof að fjárhæð 26.196 krónur.

Við útreikning á kröfu stefnanda fyrir seinni hluta júlímánaðar og ágústmánuð sé miðað við meðaltal unninna stunda stefnanda í dagvinnu og yfirvinnu á dag fram að því að stefnanda var sagt upp starfi. Fyrir júlímánuð sé þannig gerð krafa um 111.254 krónur miðað við 115,41 unna dagvinnutíma og 194.712 krónur miðað við 113,07 yfirvinnutíma. Ofan á heildarkröfuna, 305.966 krónu komi síðan orlof að fjárhæð 31.117 krónur.

Fyrir ágústmánuð sé gerð krafa um 100.001 krónur miðað við 103,73 dagvinnutíma og 182.437 krónur miðað við 105,95 yfirvinnutíma. Ofan á heildarkröfuna, 282.438 krónur, komi síðan orlof að fjárhæð 28.724 krónur.

Krafa stefnanda um greiðslu orlofs- og desemberuppbótar byggji á ákvæðum 1.4.1.[sic] og 1.4.2.[sic] áðurnefnds kjarasamnings. Samkvæmt því beri að gera upp áunninn rétt starfsmanns í þessu efni við starfslok, í hlutfalli við starfstíma. Stefnandi hefði við lok ráðningartímans unnið í 12 vikur af orlofsárinu 2009-2010 og eigi því rétt á orlofsuppbót í hlutfalli við það. Full orlofsuppbót, með gjalddaga árið 2010 nemi kr. 25.800,-, en fullt orlofsár telur 45 vikur. Hafi stefnandi því átt rétt til 12/45 fullrar orlofsuppbótar við starfslok, samtals 6.880 krónur. Stefnandi gerir að sama skapi kröfu um greiðslu 12/45 fullrar desemberuppbótar, samtals kr. 12.480,-. Vísar stefnandi í þessu sambandi til 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þá dragast, líkt og áður greinir, innborganir þær er stefndi innti af hendi, annars vegar þann 5. júlí 2010, að fjárhæð 132.609 krónur og hins vegar þann 18. ágúst sama ár að fjárhæð 69.913,-, alls 202.522 krónur og tekur dómkrafa stefnanda mið af því.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Kröfur stefnanda séu í öllum atriðum um lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum og áðurnefndum lögum. Stefnandi vísar jafnframt til meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda samninga og vinnuréttar um réttar efndir ráðningarsamninga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 30/1987 um orlof, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og laga nr. 27/1930 um greiðslu verkkaups. Kröfu um vexti og vaxtavexti styður stefnandi við III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Í greinargerð stefnda eru málsástæður hans taldar upp í fjórtán liðum. Greinargerðin er um margt óljóst og á köflum erfitt að greina milli málsatvika og málsástæðna og talsvert um endurtekningar. Er því óhjákvæmilegt að taka efnislega upp alla liði greinargerðarinnar.

Í fyrsta lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að hann hafi ekki átt aðild að ráðningu stefnanda og kærustu hans, heldur hafi eiginkona hans, Sigurbjörg, staðið ein að ráðningu þeirra á sína ábyrgð og þá sé Ferðaþjónustan á Völlum ekki einkafirma stefnda. Þá segir að rétt sé að það komi fram að stefndi og eiginkona hans, Sigurbjörg, reki búið saman á ábyrgð beggja óskipt. Vísar stefndi til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, málsástæðu þessari til stuðnings. Í greinargerð stefnda er í sama lið gerð grein fyrir málsástæðu þeirri er stefndi byggði frávísunarkröfu sína á, en kröfu þeirri hefur líkt og áður greinir verið hafnað með úrskurði uppkveðnum þann 1. júlí sl., og verða málsástæður hvað varða þá kröfu stefnda því ekki tilteknar frekar.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að starf stefnanda hafi aðallega falist í þrifum og verklegri aðstoð við bændur eftir því sem á þurfti að halda. Um hafi verið að ræða ræstingar og verkamannastörf en ekki móttöku eða mannaforráð.

Í þriðja lagi byggir stefndi á því að upphaflegur ráðningarsamningur liggi fyrir og hafi verið vafalaus þar til stefnandi hafi hætt störfum fyrirvaralaust og farið frá Völlum. Auglýst hafi verið eftir starfskrafti á lágmarkslaunum á dagvinnutíma og upphaflega talað um 150.000 krónur, og kæmi fæði og húsnæði til frádráttar. Mótmælir stefndi því að stefnandi hafi verið ráðinn í vaktavinnu og mikla yfirvinnu og kveður stefnanda bera sönnunarbyrði fyrir því að svo miklar breytingar hafi verið gerðar á upphaflegum samningi aðila, þrátt fyrir að ekkert hafi verið að gera vegna eldgoss og öskufalls. Þá virðist stefnda að stefnandi og kærasta hans búi yfir sérstakri lögfræðimenntun, sem gefi þeim forskot fram yfir stefnda og konu hans og hafi því ekki skrifað undir ráðningarsamning sem legið hafi ljós fyrir en hafi þess í stað sett fram kröfugerð sem ekki eigi við nein rök að styðjast. Stefnandi hafi ekki unnið fullan vinnudag og eiginkona stefnda hafi farið með hann og kærustu hans í frí á virkum dögum. Stefnandi eigi því ekki einu sinni rétt á fullum lágmarkslaunum.

Í fjórða lagi byggir stefndi á því að lágmarkslaun í dagvinnu hafi verið alger forsenda fyrir því að stefnandi og kærasta hans hafi verið ráðin að Völlum. Búið standi illa fjárhagslega og hafi enga burði haft til að greiða hærri laun. Hafi ástæða þess að leitað var eftir útlendingum verið sú að þeir vilji koma til landsins til að kynna landi og þjóð, en séu ekki að sækja hingað í störf vegna peninga. Hefði búið staðið undir 300.000 króna mánaðarlaunum hefðu verið ráðnir menntaðir þjónar og/eða kokkar og annað fagfólk. Þá vísar stefndi til dskj. nr. 16, en af því megi sjá að Sigurbjörg hafi sjálf greitt af sínum reikningi til stefnanda og afrit af launaseðlum þar sem útreikningur sé með á launaseðli og kveður stefndi öll laun vera greidd.

Í fimmta lagi byggir stefndi á því að lágmarkslaun samtaka atvinnulífsins og starfsgreinasambandsins nemi 157.172 krónum og komi þá til frádráttar fæðishlunnindi og húsnæði. Þá sé rétt að miða við samning milli Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands, 30x1.739 eða samtals 52.170 sem sé lágt miðað við þann kost sem stefnanda og kærustu hans var boðinn á Völlum. Standi þá eftir 157.752 – 52.170 eða 105.582 krónur, til viðbótar sé svo orlof og lífeyrissjóður sem sé lægri fjárhæð heldur en stefnda [sic] hafi verið greitt fyrir júní 2010. Um 12 daga í júlí fari með sama hætti, þ.e. 157.752/30x12, samtals

63.100 krónur. en þá sé eftir að draga frá fæði og húsnæði, 12x1.739, samtals 20.868 krónur. Standi þannig eftir 42.232 krónur fyrir júlímánuð. Séu launaseðlar stefnanda ekki í samræmi við þetta, en hann krefjist rúmra 300.000 króna á mánuði og dragi ekkert frá vegna fæðis og húsnæðis.

Í sjötta lagi kveður stefndi hvorki hafa komið til greina né til tals að stefnandi ynni á vöktum eða unnin yrði yfirvinna. Í raun hafi ekki verið nóg að gera fyrir stefnanda og kærustu hans í dagvinnu. Hafi Sigurbjörg haldið tímaskýrslu, þar sem hún meti 7½ klst. sem heilan 8 klst. vinnudag og þá hafi hún ekki skráð sérstaklega frí stefnanda til frádráttar. Kveður stefndi það vera undir samvisku stefnanda komið hvort hann vilji krefjast launa fyrir að vera keyrður um Ísland, honum og kærustu hans til skemmtunar. Kveður stefndi tímaskýrslur þær er stefnandi hefur lagt fram, dskj. 9, vera rangar. Stefnandi hafi þurft að vinna á matartímum og langt fram eftir kvöldi þó ekkert hafi verið að gera. Kveður stefndi stefnanda aldrei hafa borið neinar tímaskýrslur undir stefnda eða konu hans.

Í sjöunda lagi kveður stefndi að stefnandi hafi átt að greiða fyrir húsnæði og fæði. Stefnandi og kærasta hans, líkt og áður hefur verið lýst, hafi haft afnot af sumarhúsi sem að öðru jöfnu hafi verið leigt út fyrir 30.000 krónur á dag, eða 900.000 krónur á mánuði. Þá hafi parið verið í fullu fæði. Kveður stefnandi hægt að krefja stefnda fyrir afnot af húsi þessu samkvæmt gjaldskrá, en það hafi ekki verið gert heldur hafi verið tekið mið af samningi Starfsgreinasambandsins og Bændasamtakanna.

Í áttunda lagi kveður stefndi sig og konu sína vera ófaglærð, en þau stundi búrekstur eins og áður hafi verið rakið. Þau hafi ekki þekkingu á bókhaldi og séu „pennafælin“. Stefnandi tali ekki erlend tungumál og hafi því haft lítil samskipti við stefnanda og kærustu hans eftir að þau komu til landsins. Hafi kona stefnda séð um þau samskipti.

Í níunda lagi kveður stefndi stefnanda og kærustu hans virðast búa yfir sérfræðiþekkingu á sviði lögfræði og samningamálum og hafi þau þannig haft hag af því að ganga ekki skriflega frá umsömdum ráðningarkjörum um lágmarkslaun að frádregnu fæði og húsnæði. Þá kveður stefndi aldrei hafa getað komið til vakta- eða yfirvinnu eins og ástandið var á þessum tíma.

Í tíunda lið málsástæðukafla greinagerðar byggir stefndi á því að hann hafi ekki sagt stefnanda upp störfum né rekið hann. Vísar stefndi í dómskjal nr. 6 þessu til stuðnings þar sem hann kveður viðurkenningu stefnanda um þetta atriði að finna. Kveðst stefndi hafa talið kærustu stefnanda hafa unnið ágætlega en það sama hafi ekki gilt um stefnanda. Stefnandi hafi þó ekki haft nema lágmarkssamskipti við parið, m.a. vegna tungumálaerfiðleika. Kveðst stefndi þannig ekki hafa getað rekið stefnanda eða gefið einhverjum öðrum fyrirmæli um að gera slíkt fyrir sína hönd. Hafi Sigurbjörg veitt stefnanda tiltal um að bæta sig, en ekki rekið hann. Stefnandi hafi brugðist illa við og farið að ræða um lögfræðikunnáttu sína og það að hann vildi fá meira fé en um hafi verið samið. Sé það nú gert í stefnukröfum þar sem stefndi sé krafinn um fjárhæðir sem rekstur hans standi ekki undir og leiða muni til fjárhagserfiðleika eða jafnvel gjaldþrots hans, nái þær fram að ganga.

Í ellefta lið málsástæðukafla stefnda kveður stefndi stefnanda hafa hætt störfum fyrirvaralaust og farið án þess að kveðja. Stefnandi hafi brugðist illa við

áður nefndum tilmælum eiginkonu stefnda líkt og áður greinir hótað að beita sér gegn henni fjárhagslega, eins og hann hafi nú staðið við. Verði að gera þær kröfur að stefnandi hefði krafist skriflegrar uppsagnar hafi hann verið rekinn. Verði að taka tillit til þeirrar sérfræðipækkingar stefnanda sem áður hefur verið nefnd og þess að hann hafi leitað á náðir stéttarfélags. Virðist stefnda sem svo að það hafi verið í samráði við títtnefndan Skúla Thoroddsen að stefnandi hætti störfum og verði að gera kröfu um að hann hefði tryggt skriflega uppsögn ef Sigurbjörg hefði ætlað að reka þau, eða tryggja sönnun um uppsögn með öðrum hætti. Með því að stefnandi hætti fyrirvaralaust störfum kveður stefndi sig hafa unnið bótarétt á hendur stefnanda og kærustu hans, er nemi helmingi áskilins kaups út ráðningartímann. Nýti stefndi þennan rétt eftir því sem á reyni til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda. Með því að stefnandi og kærasta hans hafi sjálf hætt störfum eigi þau enga kröfu á launum fyrir tímabilið 12. júlí til 1. september 2010, og sé því ekki hægt að fallast á kröfur stefnanda.

Í tólfta lið málsástæðukafla stefnda kemur fram að Skúli Thoroddsen hafi farið mikinn þegar stefnandi hætti störfum og hafi Sigurbjörg beðið hann að vera í sambandi við Elías Blöndal Guðjónsson lögfræðing. Hafi Skúli þá farið í deilur við þessa aðila. Skúli hafi leyft sér að fara ranglega með að á Völlum væri rekinn svört atvinnustarfsemi og borið út reksturinn með illu umtali. Hafi honum verið sagt að stefnandi og kærasta hans hafi ekki verið rekin. Sigurbjörg hafi gert athugasemdir við stefnanda en kunnað vel við kærustu hans og ekki hafi komið til umræðu að halda því fram að kærasta stefnanda hafi verið rekin.

Í þrettánda lið málsástæðukafla vikur stefndi að málsástæðum stefnanda, sem hann kveður byggja á munnlegum samningi um lágmarksalaun og eingöngu endurgjaldi fyrir dagvinnu. Séu málsástæður stefnanda byggðar á vaktavinnu og allt öðru en samningnum á netinu, engin gögn séu lögð fram um þetta og séu yfirlýsingar eftir að stefnandi fór frá Völlum. Kveður stefndi tímaskráningu stefnanda vera ranga, hún hafi ekki verið borin undir Sigurbjörgu eða aðra og eigi ekki við nein rök að styðjast. Stefnandi hafi þó viðkennt að hafa samið um lágmarkskjör en geri kröfur eins og hann hafi verið hótelsstjóri á stóru hóteli fyrir margföld lágmarksalaun sem þó hafi verið samið sérstaklega um.

Í fjórtánda lið málsástæðukafla kemur fram að það að reka launamál stefnanda og kærustu hans sem tvö mál eigi að hafa áhrif við ákvörðun málskostnaðar sbr. 4. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá hefur stefndi lýst yfir skuldajöfnuði við hugsanlegar kröfur stefnanda og kærustu hans hvað varðar kröfur ábúenda á Völlum á hendur stefnda [*sic*] fyrir ólögmaet vistarrof, sbr. m.a. meginreglur 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928, þannig að stefnanda beri að greiða vinnuveitanda sínum helming áskilins kaups fyrir vistar tíma. Samtals 126.202 krónur, sem sundurliðist þannig að fyrir júlímánuð, frá 12. júlí 157.752/30x18/2, samtals 47.326 og fyrir ágúst mánuð allan 157.752/2, samtals 78.876 krónur. Samtals sé skuldajafnaðarkrafa vinnuveitanda á hendur stefnanda 126.202 krónur.

Um lagarök vísar stefndi til lagaraka í stefnu svo og þeirra laga sem áður hefur verið getið í málatilbúnaði stefnda. Þá vísar stefndi til 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, varðandi skuldajafnaðarkröfu, sem og meginreglna kröfuréttar og samningaréttar um skuldajöfnuð.

Niðurstaða.

Stefndi gerir kröfu um að verða sýknaður í máli þessu sökum aðildarskorts og byggir á því að ferðaþjónustan á Völlum sé ekki einkafirma stefnda eins og stefnandi haldi fram. Eiginkona stefnda, Sigurbjörg Gyða Tracey, hafi staðið ein að ráðningu stefnanda og á sína ábyrgð. Í málflutningi vísaði stefndi til þess að ferðaþjónustan sé skráð persónulega á nefnda Sigurbjörgu og vísaði í því sambandi til dskj. nr. 24, leyfisbréfs sýslumannsins í Vík, útgefið þann 14. apríl 2009 með gildistíma til 14. apríl 2013, til handa nefndri Sigurbjörgu til reksturs gististaðar í flokki V, sbr. lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Þá vísaði stefndi einnig til þess að stefnandi hafi viðurkennt að hann hafi samið um kaup og kjör við nefnda Sigurbjörgu.

Í vottorði Jóns Bergþórs Hrafnssonar, dskj. nr. 14, viðskiptafræðings hjá Fannbergi ehf., sem sá um bókhald búsins að Völlum, kemur fram að stefndi og eiginkona hans, Sigurbjörg, hafi undanfarin ár rekið ferðaþjónustu og landbúnað að Völlum í Mýrdal í samrekstri og reikni sér bæði laun vegna vinnu við búið. Áðurnefndur Jón Bergþór gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að bókhald búsins væri á nafni stefnda og því hafi vitnið tilgreint stefnda sem launagreiðanda á launaseðlum stefnanda fyrir júní og júlí 2010.

Við mat á því hvort stefndi verði bundinn við ráðningarsamning sem eiginkona hans gerði við stefnanda er rétt að líta til þess að stefndi byggir sjálfur á því í greinargerð sinni að stefndi og eiginkona hans reki búið saman á ábyrgð beggja óskipt. Fyrir liggur að búið að Völlum er samrekstur hefðbundins landbúnaðar og gisti- og veitingaþjónustu við ferðamenn og að stefndi og eiginkona hans höfðu bæði framfæri sitt af rekstrinum. Framlagðir launaseðlar bera með sér að stefndi var launagreiðandi og vitnið Jón Bergþór Hrafnsson staðfesti að bókhald búsins væri á nafni stefnda. Þá liggur fyrir að kröfum stefnanda í máli þessu var frá upphafi beint að stefnda, sbr. innheimtubréf stefnanda frá lögmannsstofunni Mandat og bréf lögmanns Verkalýðsfélags Suðurlands, en bæði bréfin eru dagsett 25. ágúst 2010. Stefnandi var ráðinn til að sinna störfum í ferðaþjónustu og til verklegrar aðstoðar við bændur eftir því sem þyrfti, eins og segir í greinargerð stefnda en ráðningarsamningur liggur ekki fyrir. Óumdeilt er í máli þessu að vegna tungumálaerfiðleika var það eiginkona stefnda, en ekki stefndi sjálfur, sem var í samskiptum við stefnanda, bæði í aðdraganda ráðningarferilsins og eftir að stefnandi hóf störf að Völlum.

Meginreglan um fjárábyrgð hjóna í 67. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, sem afmarkar fjárskyldur hvors hjóna gagnvart þriðja manni, stendur, eins og atvikum er háttað í máli þessu, ekki í vegi fyrir því að stefndi verði bundinn við munnlegan ráðningarsamning sem eiginkona hans gerði við stefnanda, sbr. og 68. gr. fyrrnefndra laga, sem gerir ráð fyrir því að atvik geti verið með þeim hætti að hjón beri óskipta ábyrgð á fjárskuldbindingum, til dæmis vegna sameiginlegs reksturs sem þau bæði vinna við. Að öllu framangreindu virtu er kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts hafnað.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur stefnandi málsins, Johannes Mikael Maeki, og stefndi Einar Einarsson. Enn fremur gáfu skýrslu vitnin Skúli Thoroddsen, fyrrverandi framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, Guðrún Elín Pálsdóttir, starfsmaður á skrifstofu Verkalýðsfélags Suðurlands, Sigurbjörg Gyða Tracey, eiginkona stefnda, Anna Rósa og Elísa Einarsdætur, dætur stefnda, Jón Bergþór Rafnsson, viðskiptafræðingur og eigandi Fannbergs ehf., Ásmundur Bjarni Sæmundsson, bóndi á Hryggjum í Mýrdal og Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðingur Bændasamtaka Íslands.

Aðilar máls þessa deila um atvik að baki starfslokum stefnanda, vinnutíma, fjárhæð launa og tengdra gjalda, skuldajöfnunarkröfu og hvort fæði og húsnæði skuli koma til frádráttar launum.

Málsaðilar deila um það hvort stefnanda hafi fyrirvaralaust verið sagt upp starfi í samtali að kvöldi 12. júlí 2010, þegar stefnandi gerði athugasemdir við launaseðil júnímánaðar 2010, eða í síðasta lagi í samtali að morgni 13. júlí sama ár. Mikið ber á milli aðila um hvað fram fór þeirra í milli umrædda daga.

Ágreiningslaust er að stefnandi hafði gert athugasemdir við launaseðil júnímánaðar við eiginkonu stefnda, vitnið Sigurbjörgu Gyðu Tracey, að kvöldi 12. júlí 2010. Stefnandi bar fyrir dómi að eiginkona stefnda hafi reiðst undir lok samtalsins og sagt að stefnandi þyrfti að borga fyrir fæði og húsnæði og þá hafi stefnandi notað rafmagn, vatn og þvottefni. Þá heldur stefnandi því fram að eiginkona stefnda hafi, í því sama samtali, sagt við stefnanda og kærustu hans, að ef þeim líkaði ekki þá gætu þau pakkað niður og farið. Þegar þau hafi spurt hvort þau ættu að fara núna hafi eiginkona stefnda ekki svarað. Stefnandi greindi frá því fyrir dómi að kærasta hans hafi mætt til vinnu að morgni 13. júlí 2010, en hún hafi verið á fyrri vaktinni þann dag. Þegar hún hafi mætt til vinnu hafi henni verið sagt að það væri ekki lengur vinna fyrir hana, en fram kom að stefnandi var ekki viðstaddur í umrætt sinn. Stefnandi sagðist hafi litið svo á að sama gilti um hann, þ.e. að hann hefði ekki lengur vinnu og því hafi þau pakkað niður, en rætt við stefnda og eiginkonu hans áður en hann fór af bænum. Eiginkona stefnda hafi rætt um trúnaðarrest en stefnandi kvaðst hafa ítrekað kröfu sína um leiðréttingu launa. Hún hafi sagt að það væri leitt að þetta hefði endað svona en þau gætu ekki haft starfsfólk sem þau gætu ekki treyst. Þar sem ljóst hafi verið að þau, stefnandi og kærasta hans, hafi misst vinnuna hafi þau kvatt og gengið út á þjóðveg með farangur sinn.

Stefndi bar fyrir dómi að svo hafi virst sem stefnandi hafi ákveðið að fara en þau, stefnandi og kærasta hans, hafi ekkert rætt um það og bara horfið frá Völlum þann 13. júlí 2010 og kannaðist stefndi ekki við að hafa hitt stefnanda umræddan morgun. Í framburði eiginkonu stefnda fyrir dómi kom fram að stefnandi og kærasta hans hafi rætt við sig að kvöldi 12. júlí 2010 og gert kröfu um að hún borgaði stefnanda 85.000 krónur í vangreidd laun. Hún kvaðst hafa bent stefnanda á að það ætti eftir að greiða fyrir fæði og húsnæði og beðið hann um að ræða við sig um þetta daginn eftir. Þá hafi stefnandi orðið æstur, rokið út og sagst vera farinn og hafi það hafi verið það síðasta sem hún hafi séð af stefnanda. Aldrei hafi komið til þess að stefnandi hafi verið rekinn, en daginn eftir hafi þau, stefnandi og kærasta hans, ekki komið til vinnu og kvaðst eiginkona stefnda hvorugt hafa hitt þann morgun. Undir hádegi hafi síðan komið í ljós að stefnandi og kærasta hans voru

farin af bænum. Í framburði vitnisins Skúla Thoroddsen, framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins, sem stefnandi leitaði til vegna óánægju með launakjör, kom fram að hann hafi hringt í eiginkonu stefnda að morgni 13. júlí 2010 en hún hafi þá greint frá því að bóúð væri að leysa ágreining um launamál og að stefnandi væri að vinna við morgunmat. Eiginkona stefnda staðfesti að vitnið Skúli hafi hringt í hana klukkan níu að morgni 13. júlí 2010 og kvað hann hafa verið með háreysti og fúkyrði, skammað hana og haft í hótunum um að láta loka ferðapjónustunni.

Það er meginregla í vinnurétti að sá aðili er ber fyrir sig uppsögn á ráðningarsamningi hefur sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu. Stefnandi hefur því sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu að honum hafi fyrirvarlaust verið sagt upp störfum að kvöldi 12. júlí 2010 eða í síðasta lagi að morgni 13. júlí sama ár. Lýsing stefnanda á því sem fór fram á milli hans og eiginkonu stefnda að kvöldi 12. júlí 2010 verður ekki skilin á þann hátt að um hafi verið að ræða fyrirvaralaus uppsögn úr starfi af hálfu vinnuveitanda. Stefnandi mætti ekki í vinnu að morgni 13. júlí 2010 og hann var ekki viðstaddur þegar kærustu hans, var að hans sögn, sagt upp starfi.

Aðila greinir verulega á um það hvort stefnandi hafi hitt stefnda og eiginkonu hans áður en stefnandi fór frá Völlum umræddan morgun og stendur þar orð gegn orði. Þá er ekkert fram komið í málinu um að stefnandi hafi leitað eftir staðfestingu stefnda á ætlaðri uppsögn. Með vísan til þess sem að framan er rakið hefur stefnandi ekki fært fram sönnur fyrir því að honum hafi fyrirvarlaust verið sagt upp starfi og þannig leystur undan vinnuskyldu eins og hann heldur fram, en óumdeilt er að stefnandi fór alfarinn frá Völlum að morgni 13. júlí 2010. Kröfu stefnanda um laun út ráðningartímann er því hafnað.

Þar sem hafnað hefur verið kröfu stefnanda um laun til loka starfstímans, þ.e. til 31. ágúst 2010, kemur eingöngu til skoðunar krafa stefnanda um laun á tímabilinu 1. júní 2010 til og með 12. júlí sama ár.

Óumdeilt er í máli þessu að skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður milli aðila. Aðilar deila um efnisþætti ráðningarsamningsins, þ.e. vinnutíma og flokkun í launatöflu, en eru sammála um að miða skuli við kjarasamning milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands vegna veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasölustaða og hliðstæðrar starfsemi.

Launakrafa stefnanda er fjórþætt. Hann byggir á eigin tímaskráningu á dskj. nr. 9 og að ekki hafi verið um að ræða reglulegar vaktir. Stefnandi krefst launa fyrir dagvinnu unna á dagvinnutíma og yfirvinnu unna utan dagvinnutíma, en gerir ekki kröfu um laun fyrir þann tíma sem hann vann ekki yfir miðjan daginn. Gerð er krafa um laun samkvæmt launaflokki 5, eftir eins árs starf, samkvæmt kjarasamningi aðila.

Stefndi hafnar kröfugerð stefnanda og byggir á því að laun stefnanda eigi að vera lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningi aðila, 157.752 krónur í heildarmánaðarlaun, og virðist stefndi byggja á launaflokki 1, byrjunarlaun 18 ára.

Ágreiningur er milli aðila um vinnuframlag stefnanda. Í stefnu byggir stefnandi á því að vinnutíminn hafi annað hvort verið frá klukkan 7.30 árdegis til

15.00 eða frá klukkan 9.00 árdegis til klukkan 13.00. Þá hafi verið gert hlé til 18.30 og unnið til klukkan 21.00. Stefnandi vísar til eigin tímaskráningar og kveðst hafa unnið nær allar helgar, flest kvöld og á 17. júní og er dómkrafa í máli þessu byggð á umræddri tímaskráningu og útreikningi vitnisins Guðrúnar Elínar Pálsdóttur, starfsmanns Verkalýðsfélags Suðurlands. Stefnandi bar fyrir dómi að hafa skráð jafnóðum í dagbók hjá sér þá tíma sem hann var í útverkum en eftir að hann fékk launaseðil fyrir júnímánuð þann 5. eða 6. júlí, hafi hann skrifað niður alla unna tíma. Fyrir dómi bar stefnandi að hann hafi á tímabilinu 1. - 9. júní unnið frá klukkan 8.00 til klukkan 13.00 og klukkan 18.30 þar til kvöldverði var lokið, eða um klukkan 21.00. Eftir þann tíma hafi hann unnið tvo daga samkvæmt „plani A“ og tvo daga samkvæmt „plani B“ og því hafi verið auðvelt fyrir hann að skrá alla unna tíma niður eftir á. Stefnandi kvað „plan A“ hafi verið frá klukkan 7.30 til klukkan 12.00 og síðan frá klukkan 18.30 til klukkan 21.00 og „plan B“ hafi verið frá klukkan 9.00 til klukkan 13.00 og síðan frá klukkan 18.30 til klukkan 21.00.

Stefndi heldur því fram að aldrei hafi staðið til að stefnandi hafi átt að vinna á vöktum eða yfirvinnu og samið hafi verið um 150.000 króna mánaðarlaun. Stefnandi mótmælir lýsingu stefnanda á vinnutímanum og bar fyrir dómi að 2-3 herbergi hafi í mesta lagi verið í notkun sem stefnandi hafi átt að þrifa ásamt kærustu sinni, og þá hafi verið lokað á 17. júní 2010. Eiginkona stefnda bar fyrir dómi að stefnandi hafi aldrei unnið um helgar eða á kvöldin og að lokað hafi verið 17. júní. Stefnandi lagði fram tímaskráningu og í framburði eiginkonu stefnda kom fram að hún hafi gert umrædda tímaskráningu eftir á í þeim tilgangi að geta framvísað upplýsingunum ef til þess kæmi að greiddir yrðu styrkir vegna hamfara af eldgosinu í Eyjafjallajökli. Tímaskráning þessi er um margt óljós og ónákvæm og ekki í samræmi við lýsingu eiginkonu stefnda á starfinu í tölvupóstsamskiptum hennar og stefnanda í aðdraganda ráðningarinnar, sbr. tölvupóst á dskj. nr. 15. Í áður nefndri tímaskráningu er tilgreint að stefnandi hafi unnið eina klukkustund 17. júní og tvo tíma laugardaginn 19. júní, en það er ekki í samræmi við framburð eiginkonu stefnda fyrir dómi sem rakinn hefur verið hér að framan. Þá er fjöldi bókaðra gistirýma í nefndri tímaskráningu ekki í samræmi við yfirlýsingar stefnda fyrir dómi um nýtingu gistierbergja þann tíma sem stefnandi vann hjá honum.

Óumdeilt er að ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur og verður stefndi, sem atvinnurekandi, að bera hallann af því að svo var ekki gert. Er það mat dómsins að staðið hafi stefnda nær að halda utan um vinnutíma stefnanda og leggja fram fullnægjandi gögn um skráningu á vinnutíma stefnanda og vísast í því sambandi til greinar 1.12.5. í kjarasamningi aðila sem kveður á um skyldu til að færa vinnuskýrslur. Með vísan til þess sem að framan er rakið hefur stefndi ekki fært fram sönnur þess að stefnandi hafi aðeins unnið hluta úr degi og eingöngu dagvinnu og verður tímaskráning stefnanda á dskj. nr. 9, á vinnutíma í júní og fyrstu tólf daga júlímánaðar 2010 lögð til grundvallar í máli þessu, að því leyti sem hún er í samræmi við stefnu og þess sem fram kom við skýrslutöku af stefnanda fyrir dómi um vinnutíma á tímabilinu 1.-9. júní 2010. Með vísan til greinar 1.11.1. í kjarasamningi aðila skal miða við launaflokk 1 og starfsaldur skal miðaður við grein 1.6.3. áður nefnds kjarasamnings.

Með vísan til framanritaðs eru laun stefnanda í júní 2010 ákveðin þannig: 87,5 tímar í dagvinnu x 926,26 krónur = 81.048 krónur, 74 tímar í yfirvinnu x 1.654,51 króna = 122.434 krónur og 6,5 tímar á stórhátíðarkaupi x 2.190,61 krónur = 14.239 krónur, samtals 217.721 krónur. Laun stefnanda 1. -12. júlí 2010 eru

ákveðin þannig: 46,75 tímar í dagvinnu 926,26 krónur = 43.303 krónur og 43,25 tímar í yfirvinnu x 1.654,51 króna = 71.558 krónur, samtals 114.861 króna.

Hafna verður kröfu stefnanda um orlofs- og desemberuppbót með vísan til greinar 1.5.1. og 1.5.2. í kjarasamningi aðila þar sem stefnandi uppfyllir ekki skilyrði framangreindra greina um samfelldan starfstíma hjá stefnda.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 á launþegi rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta orlofsári. Að þessu virtu og samkvæmt meginreglu 2. mgr. 7. gr. áðurgreindra laga, er fallist á kröfu stefnanda um orlof af samtölu dagvinnulauna, yfirvinnulauna og stórhátíðarkausps. Þar sem stefnandi telst ekki eiga rétt til orlofs- og desemberuppbótar verður krafa hans að því leyti ekki tekin til greina. Með vísan til framanritaðs og greinar 5.1. í kjarasamningi aðila er fallist á kröfu stefnanda um orlof vegna júnímánaðar að fjárhæð 22.142 krónur og vegna júlímánaðar að fjárhæð 11.681 krónu.

Stefndi hefur byggt á því að til frádráttar launum skuli koma fæði og húsnæði þann tíma sem stefnandi var við störf og að samið hafi verið um það. Af framlögðum tölvusamskiptum í aðdraganda ráðningar stefnanda að Völlum verður ekki séð að sérstaklega hafi verið samið um slíkan frádrátt og verður því ekki tekið tillit til þeirrar málsástæðu stefnda.

Kemur þá til skoðunar krafa stefnda um skuldajöfnuð á hendur stefnanda fyrir ólögmaet vistarrof. Stefndi vísar í greinargerð til meginreglu 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928 og þess að stefnanda beri að greiða stefnda helming áskilins kaups fyrir vistartíma tímabilið 12. júlí til 1. september 2010.

Stefndi leggur áherslu á það í málalíbúnaði sínum að lítið hafi verið að gera í ferðabjónustunni á Völlum umrætt sumar vegna eldgossins í Eyjafjallajökli og að öskufok hafi verið fram eftir öllu sumri á bænum. Af þeim sökum hafi verið miklar afpantanir og ekkert orðið úr þeirri „vertíð“ sem stefndi reiknaði með þegar stefnandi var ráðinn til starfa. Eins og rakið er hér að framan í umfjöllunum um vinnuframlag stefnanda kom fram í skýrslugjöf stefnda að lítið hafi verið að gera í ferðabjónustunni. Þá bar vitnið Sigurbjörg, eiginkona stefnda, á sama veg fyrir dómi. Í framburði hennar kom einnig fram að mikið hafi verið um afbókanir og júnímánaður hafi aðeins verið kostnaður, sumarið erfitt og hafi reksturinn það árið verið rekinn með tapi.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928 skal hjú sem gengur ólöglega úr vist greiða húsbónda sínum sem svarar til helmings áskilins kaups miðað við vistartímamann sem eftir er og hefur regla þessi verið talin gilda á sviði vinnuréttar. Gagnkrafa stefnda felur í sér kröfu um skaðabætur. Stefndi vísar í engu að því í málalíbúnaði sínum að fyrirvaralaust brotthlaup stefnanda úr starfi hafi valdið stefnda tjóni eða haft í för með sér óhagræði fyrir hann. Þvert á móti byggir stefndi á samdrætti og erfiðleikum í rekstri í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli og hefur ekkert komið fram undir rekstri málsins sem leiðir líkur að því að stefndi hafi orðið fyrir tjóni vegna hins ólögmaeta brotthlaups. Með vísan til þess að stefndi hefur ekki gert sennilegt að hann hafi í raun orðið fyrir tjóni vegna ólögmaets vistarrofs stefnanda þann 13. júlí 2010, er kröfu stefnda um skuldajöfnun í máli þessu hafnað.

Samkvæmt niðurstöðum hér að framan verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 366.405 krónur (217.721 krónur vegna júní mánaðar + 114.861 krónur vegna júlí mánaðar + orlof 33.823 krónur) með dráttarvöxtum, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð samtals 202.522 krónum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. málsliðar 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, 565.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Einar Einarsson, greiði stefnanda, Johannes Mikael Maeki, 366.405 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 239.863 krónum frá 1. júlí 2010 til 13. júlí 2010, þá af 366.405 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum þann 5. júlí 2010 að fjárhæð 132.609 krónur og þann 18. ágúst 2010 að fjárhæð 69.913 krónur.

Stefndi greiði stefnanda 565.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ragnheiður Thorlacius.

